


Myndlist

eftir BRAGA
ÁSGEIRSSON

Að kjarvalsstöðum hefur að þessu sinni haslað sér völl í vestari salnum sá málari, sem verður að teljast einna hrjúfastur ákafamaður íslenskra málara um þessar mundir. Er hér um að ræða Svein Björnsson frá Hafnarfirði, rannsóknarlögreglumann að brauðstriti, en málara taumlausrar ástríðu. Það fer vart á milli mála, að Sveinn er ekki einhamur, er hann mundar pentskúfinn, og aldrei hefur það komið ljósar fram en einmitt á þessari sýningu. Litirnir bókstaflega flæða ótamdir sem hvirfilvindur um myndflötinn. Hér er um frumstæðan þrótt að ræða, upprunalegan grófgerðan kraft, sem særir fram napra grímu og umbúðalausa upplifan tilverunnar ásamt óljósri verund draumsins. Það liggur við, að sýningargesturinn



Sýning Sveins Björnssonar

sé hafinn á loft, er inn úr dyrunum er komið, og honum slengt flötum á gólfid, slík eru áhrifin, að því er mér fannst.

Því er gestinum ráðlagt að ganga hratt um sali í upphafi, en hægja svo ferðina og skoða einstakar myndir, taka sér síðan smáhvíld yfir góðum kaffibolla og leggja þarnæst til atlögu við myndirnar á ný. Þá má vera, að myndirnar fari að orka óðrúvísi á viðkomandi og hann uppgötvi myndir, er hann tók alls ekki eftir í fyrstu yfirferðum. Eg kem fram með þennan útdúrdúr, vegna þess að ég er sannfærður um, að á þessari sýningu reynist Sveinn Björnsson miklu sterkari málari í

bestu myndum sýningarinnar en á nokkurri fyrri sýningar hans, og þær eru margar orðnar.

Vil ég benda á nokkrar myndir máli mínu til áréttingar og til að auðvelda gestum erfiða yfirferð. Er þá fyrst að benda á myndir nr. 4 „Úa mætir Geimskipi“ og nr. 6 „Geimskip“, en slík mótív hefur maður áður séð frá hendi Sveins en þó naumast jafn þróuð í lit og útfærslu. Aftur á móti kveður við nýjan og óvæntan tón í myndum líkt og nr. 7 „Sjór“ og nr. 30 „Atlantsálar“, en báðar eru mjög einfaldar og magnaðar í lit, og það er ekki fjarri lagi, að seinni

myndin sé magnaðasta mynd sýningarinnar, þótt hana skorti bruðlið með frumliti, sem þrýðir svo margar aðrar myndir. Þá vil ég benda á litla og yfirlætislausu mynd, sem nærri hverfur í litadarradansinum allt í kring, og er hér um að ræða nr. 52 „Ævintýri“, en slíkar myndir hefur Sveinn málað ótal sinnum en sjaldan af jafn „malerískri“ háttvísi. Þá eru nokkrar myndir á sýningunni byggðar á sérstöku þema, og er mynd nr. 65 „Vinir“ gott dæmi um það, en þar er um að ræða sjómann með fisk í fanginu, og er andstæðulitunum tefit saman, t.d. blár sjómaður, gulur fiskur, eða rauður sjómaður,

grænn fiskur o.s.frv. Oft ræður Sveinn ekki við sig í þessari einföldu glímu, en þegar best lætur, verða þetta mögnuð verk. Þá vil ég benda á mjög óvenjulega mynd frá hálfu Sveins, sem er sér á báti á sýningunni og á röngum stað en það er nr. 67 „Draumur“. Er hér um furðulega figúru að ræða, sterkari og réttari í útfærslu en flestar figúrumyndir sýningarinnar, enda klassískur svipur yfir henni. Loks vil ég benda á tvær myndir, þar sem fram kemur meiri agi og yfirvegum í byggingu forma og litheildar en í flestum öðrum myndum sýningarinnar, og er hér um að ræða myndir nr. 80 og 83.

Eg hef tint þetta allt til í ákveðnum tilgangi, því að ég er þess fullviss, að nokkrar slíkar myndir myndu sóma sér vel með úrvali íslenskrar nútímalistar, hvar sem væri. Það er kominn tími til, að menn uppgötvi hið besta, sem þessi málari hefur fram að færa, en einblíni ekki á slöku hliðarnar. Hann hefur einnig staðið einn og ekki notið þeirrar gæfu að þroskast innan þröngs hóps skoðanabræðra og í samkeppni við þá, og því síður hefur hann átt áhrifamikla trúbræður að í listinni...

Eg þakka svo Sveini Björnssyni fyrir sýninguna og hvet sem flesta að líta inn á Kjarvalsstaði fyrir sunnudagskvöld, er sýningunni lýkur, hvað sem hinum leiðu deilum um sjálft húsið viðvíkur.

Höfundaleikhúsið:

Hlæðu Magdalena, Hlæðu

Einþáttungur eftir
Jökul Jakobsson

Leikstjóri:

Hrafn Gunnlaugsson

Leikmynd og sviðs-
stjórn: Else Duch

Fimmtudaginn 22. þ.m. hóf starfsemi sína nýtt leikhús, Höfundaleikhúsið, sem fengið hefur aðstöðu til sýninga í ráðstefnusal Hótel Loftleioa. Eins og nafn leikhússins bendir til, standa að því nokkrir leikrita-

höfundar „og ætlunin er að aðstaðan á Hótel Loftleioðum verði notuð til þess að koma á framfæri ýmsundar nýjungum, sem leikritahöfundar hafa á þrjónunum og erfitt er að koma á framfæri“, segir í kynningu í Morgunblaðinu. Og Hrafn Gunnlaugsson bætir við, „að mikil þörf væri fyrir svona starfsemi. Til dæmis hefði komið í ljós í vetur, að leikritahöfundar lágu með að minnsta kosti 7 til 8 smáverk í fórum sínum reiðubúin til sýninga. Þá væri það staðreynd að allar stórbreytingar og formbyltingar í leikritun hefðu fyrst komið fram í smáverkum“, og hvað sem satt kann að vera í þeirri alhæfingu er hér um ánægju-

legt og þarft framtak að ræða sem ég vona að framhald verði á.

Öll sem að þessari sýningu standa eru alvant leikhúsfólk og myndu eflaust fyrstast við ef vinna þeirra væri metin með annað í huga. Það er því ekki sársaukalausast sem ég verð að lýsa óánægju minni með þessa frumraun nýs leikhúss og veldur því einkum texti höfundar. Í áður nefndri kynningu segir að Jökull sé „fáorður um verk sitt, sem tekur 35 mín. í sýningu, en segir þó að það fjalli um samskipti Magdalenu og Ingiríðar og samskiptaleyssi og textinn sé einskonafræðingur og lit um — sem sagt allt annað en rökraða“. Sumt af þessu má til sanns vegar færa og eru ekki samskipti og einkum þó samskiptaleyssi nákominn eitt af höfuðviðfangsefnum absúrdistanna en í þeirra ætt sver höfundur sig í þessu verki? Nokkrum öðrum alkunnum stefnum — sem Jökull hefur áður fjallað um miklu betur og rækilegar, t.a.m. í Pétri Mandólin — bregður fyrir, svo sem óbilgirnir tímans og fallvaltleika allra mannsins verka, þrúgandi grámyglu hversdagsleikans, margslungnum tengslum herra og hjúa, kúgara og fórnarlambis;

og öll myrðum við það sem okkur þykir vænst um. En allt er þetta í brotum og brotabrotum. Það er fjarri mér að sakna „rökraðu“ en rökleysa hefur aldrei verið einkenni absúrdismans: ég hefði tam. gjarnan viljað komast að því hvert væri í rauninni samband þeirra Magdalenu og Ingiríðar. Undir lokin er þó ágætur kafli sem sýnir hvers Jökull er megnugur þegar sá gállinn er á honum, það er þegar Magdalena opnar kistuna og skiptir litlu máli þótt okkur hafi lengi grunað hvað þar væri að finna. Músik textans í tónum og litum nam ég ekki (nema í fyrirnefndu atríði) og er það líklega höfuðgalli verksins. Leikrit sem þetta krefst mikillar nákvæmni og varfærni í málnotkun, engu má skeika, og hér finnst mér Jökull ekki hafa unnið nógu vel. Eða eignum við heldur að segja að hann hafi ekki gefið sér nógan tíma til þess að vinna verkið?

Sviðið sem leikstjóri hefur til umsvifa er lítið og skortir dýpt þó það komi raunar ekki að sök í þessu leikriti. Ekki fæ ég annað sé en hann hafi unnið verk sitt af alúð og leikmynd Else Duch fellur vel að efninu. En stærstur og bestur er hlutur

Leiklist

eftir EMIL H.
EYJÓLFSSON

leikenda í þessari sýningu og veit ég ekki hvornig farið hefði ef þeirra hefði ekki notið við. Herðis þorvaldsdóttir leikur Magdalenu af miklu öryggi og skörungsskap og er átakanleg hálfnakinn í silkinærfötunum í lokaatriðinu. Þóra Friðriksdóttir lýsir Ingiríði, hinu undirok- aða hjú, af næmleik og skilningi, einkum var andlitsmímik hennar með ágætum. Og samskiptur þeirra var þrjúöglegur.

Að sýningu lokinni hófst svo nefndur opinn liður og mun ætlunin að ýmsir komi þar fram. Að þessu sinni las Sigurður Karlsson leikari texta eftir Hrafn Gunnlaugsson, eins konar lögregluskýrslu um undarlega atburði í Kópavogi. Textinn er lipurlega saminn en hræddur er ég um að ádeilan hafi að verulegu leyti misst marks og andstæðan milli efnis og framsetningar ekki verið nógu gagnger.

Lóðir í Hveragerði

Höfum verið beðnir að selja 3 eignarlóðir (byggingarlóðir) á glæsilegum stað í Kömbum. Stærð hvernar lóðar er 1100—1200 fm. Verð pr. lóð er kr. 500.000,00. Seljandi gæti tekið að sér byggingu húsa á lóðunum. Uppdrættir á skrifstofunni.

Eignamiðlunin,
Vonarstræti 12,
Sími 27711.